

Fundarnúmer:	148
Dagsetning:	28.08.2008
Tími:	15:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Árið 2008, fimmtudaginn 28. ágúst kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til **148. fundar** í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Mæting skv. undirskrift. Oddviti Guðný Helga Björnsdóttir setti fund.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

a) Fundargerð 545. fundar frá 16. júní sl. Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 546. fundar frá 23. júní sl. Fundargerðin er í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

c) Fundargerð 547. fundar frá 30. júní sl. Fundargerðin er í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

d) Fundargerð 548. fundar frá 7. júlí sl. Fundargerðin er í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

e) Fundargerð 549. fundar frá 14. júlí sl. Fundargerðin er í 8 liðum. Oddviti kynnti eftirfarandi tillögu vegna 8. liðar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrir sitt leiti að byggðakvóta sem úthluta á til BBH-útgerðar ehf. verði fluttur á Álftafell SU-100 þegar BBH-útgerð ehf. hefur verið þinglýstur eigandi þess báts og að uppfylltum öðrum kröfum reglugerðar 605/2008 og auglýsingu 731/2008. Tillaga við lið nr. 8 og liður 8 samþ. með 7 atkv. Aðrir liðir fundargerðar samþ. með 7 atkvæðum.

f) Fundargerð 550. fundar frá 21. júlí sl. Fundargerðin er í 9 liðum. Fundarg. samþ. með 7 atkvæðum.

g) Fundargerð 551. fundar frá 28. júlí nk. Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin samþ. með 7 atkvæðum.

h) Fundargerð 552. fundar frá 11. ágúst sl. Fundargerðin er í 13 liðum. Fundargerðin samþ. með 7 atkvæðum.

i) Fundargerð 553. fundar frá 18. ágúst sl. Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin samþ. með 7 atkvæðum.

j) Fundargerð 554. fundar frá 20. ágúst sl. Fundargerðin er í 1 lið. Oddviti kynnti eftirfarandi tillögu. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að ráða Bergnýju Jónu Sævarsdóttur í stöðu skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra. Fundargerðin ásamt framlagðri tillögu samþ. með 6 atkvæðum gegn 1.

k) Fundargerð 555. fundar frá 25. ágúst sl. Fundargerðin er í 8 liðum. Fundargerðin samþ. með 7 atkvæðum.

2. Tillaga að breyttum úthlutunarreglum Húnasjóðs. Oddviti kynnti tillöguna.

Úthlutunarreglur Húnasjóðs.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun námsstyrkja úr Húnasjóði.

Stjórn Húnasjóðs veitir árlega styrki úr sjóðnum. Eftirtaldir geta fengið fullan styrk úr sjóðnum;

þeir sem stunda nám á háskólastigi þó ekki v/masters eða doktorsnáms.

þeir sem stunda fagnám til starfsréttinda sem ekki eru á samningi við vinnuveitanda í starfsgrein sinni.

Háskólanemar- og nemar í fagnámi þurfa að vera á síðasta námsári eða að hafa lokið námi sínu til að geta fengið styrk.

Húnasjóður veitir einnig styrki vegna námskeiða ef talið er að þau styrki viðkomandi í starfi. Þó fæst ekki styrkur ef viðkomandi er styrktur af vinnuveitanda sínum. Styrkur vegna námskeiða er ekki greiddur út nema við framlagningu reikninga um kostnað viðkomandi námskeiðs.

Umsækjandi getur einungis fengið styrk einu sinni úr sjóðnum.“

Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Kosning fulltrúa á Ársþing SSNV í stað Ágústs Jakobssonar. Oddviti gerði tillögu um Odd Sigurðarson og Elínu Jónu Rósinberg til vara. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:45.

Guðmundur Haukur Sigurðsson, fundarritari(sign.),
Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir(sign.), Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.), Guðmundur St. Sigurðsson(sign.),
Elín R. Líndal(sign), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.). Rákel Runólfsdóttir(sign.).